181 verður ekki betur sjeð, en að hann hafi ekki haldið nafnbót þeirri, er honum var veitt
21. okt. sem yfirdómara.

Út af áliti því, er Benedikt sýslumaður Sveinsson hefir látið í ljósi um málið, þykir ráðgjafanum á hinn bóginn hlýða, að bœta því við, að þar eð hann með því hinn 13. maí 1876 að vera skipaður í embætti það, sem hann nú er í, hefir samkvæmt konungsúrskurði 20. maí 1874 öðlazt hærri embættisnafnbót, en þá er fylgdi yfirdómaraembætti því, sem honum var vikið úr, þá gæti það, hvernig sem á málið væri litið, allsendis ekki komið til tals að greiða skatt af þessari nafnbót.

182 — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* endurgjald á strandmannakostnaði. — Eptir að ráðgjafinn hafði að nýju skrifað utanríkisstjórninni í
22, okt. tilefni af þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 12. október f. á.[1] viðvíkjandi endurgjaldi á þeim 633 kr., sem Snorri verzlunarstjóri Pálsson á Siglufirði hafði lagt út 1874 í fœðispeninga fyrir nokkra norska skipbrotsmenn af skipinu «Tromsö» frá Hamborg — hefir utanríkisstjórnin skýrt frá því, að hin keisaralega þýzka ríkisstjórn hafi nú samkvæmt endurnýjaðri áskorun utanríkisstjórnarinnar tjáð sig fúsa á að endurgjalda hina eptirœsktu upphæð úr hinum þýzka ríkissjóði, og sent hingað 712 Rm. 12 pf., sem hefir verið skipt fyrir 632 kr., og þær greiddar í ríkissjóðinn, sem tekjur fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

Jafnframt því að tjá yður hið framanskráða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, vill ráðgjafinn hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknanlega sjá til, að greiddar verði úr jarðabókarsjóði, sem gjöld fyrir ríkissjóðinn til Snorra verzlunarstjóra Pálssonar fyrnefndar 632 kr. gegn kvittun í tvennu lagi, og sje önnur þeirra send hingað, svo henni verði komið til hinnar keisaralegu þýzku ríkisstjórnar.

183 — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* aðstoðarlækni í
3. nóv. Dalasýslu. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað bœnarskrá frá sóknarpresti sira Jakobi Guðmundssyni á Sauðafelli í Dalasýslu og vesturumdœmi Íslands, er hlutaðeigandi amtmaður og landlæknirinn hafa veitt meðmæli sín, og þar sem nefndur prestur sœkir um, að sjer megi veitast *venia practicandi*, sem aðstoðarlækni, samkvæmt 6. grein tilsk. 5. september 1794, og með því að mikil þörf sje á lækni í Dalasýslu, sem er hluti hins 4. læknishjeraðs, er auk tjeðrar sýslu nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Flateyjarsókn af Barðastrandarsýslu. Í annan stað hafið þjer í þóknanlegu brjefi frá 28. ágúst þ. á. lagt það til, að beiðandanum megi verða leyft að veita læknishjálp í Dalasýslu, en þó þannig, að hann sje háður eptirliti hjeraðslæknisins í framkvæmdum sínum, sem aðstoðarlæknir.

Eptir að skrifazt hefir verið á út af þessu málefni við hið konunglega heilbrigðisráð, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn veitir beiðandanum *veniam practicandi* í Dalasýslu samkvæmt 6. grein tilskip. 5. sept. 1794, þannig að hann sem aðstoðarlæknir á að vera háður eptirliti hlutaðeigandi hjeraðslæknis.

---

1) Sbr. brjef ráðgjafans frá 25. júní f. á. (stjórnartíð. s. á. B. 105).